

# 271. fundur Skólanefndar FS

## 20. júní 2005



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Garðar Páll Vignisson, Páll Ingólfsson, Böðvar Jónsson, Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri og Oddný Harðardóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fjöldi umsókna fyrir haustönn 2005.
  2. Ráðningar kennara og verkefnisstjóra.
  3. Mætingareglur og umsjón.
  4. Framkvæmdir og fjárhagsstaða.
  5. Önnur mál.

Skólanefnd vottar aðstandendum Gísla Torfasonar og Öldu Jensdóttur samúð sína vegna fráfalls þeirra.

### 1. Fjöldi umsókna fyrir haustönn 2005.

Skólameistari kynnti yfirlit yfir fjölda þeirra sem sótti um skólavist á haustönn 2005. Alls sóttu 727 um auk 225 nýnema. Skólameistari kynnti einnig bréf sem send verða til nemenda sem fengið hafa inni á haustönninni.

### 2. Ráðningar kennara og verkefnisstjóra.

Skólameistari sagði frá umsóknum um kennarastöður og stöður verkefnisstjóra og fagstjóra.

### 3. Mætingareglur og umsjón.

Skólameistari kynnti nýjar mætingareglur sem miða að því að auka aðhald með nemendum. Auk þess verður ráðinn umsjónarmaður mætinga í 25% starf og tekið upp miðannarmat.

### 4. Framkvæmdir og fjárhagsstaða.

Steinunn Tómasdóttir, fjármálastjóri, kynnti fjárhagsstöðu skólans sem er góð. Þá fór hún yfir framkvæmdir og endurbætur sem fyrirhugaðar eru í sumar.

5. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá því að kennsla á skólaliðabraut mun fara fram seinnipart dags á haustönn. Boðið verður upp á kennslu á flugþjónustubraut með sama sniði.
- b) Umsóknir um nám á stúdentsbraut í samstarfi við Íþróttakademíuna voru 27.
- c) Spurt um kennslu í öldungadeild í Grindavík. Ætlunin er að halda henni áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari

# Upplýsingaöflun vegna innritunar í júní 2005

Miðast við 20. júní í dagslok.

## Skóli: Fjölbautaskóli Suðurnesja

### A

Nemendur skólans sem færast á milli skólaára (hafa valið)  
Áætlaður fjöldi 1. bekkina bekkjaskóla sem endurtaka fyrsta námsár

### B

Aðrir en 10. bekkingar sem eru að sækja um framhaldsnám í 1. sinn (án matsbeiðna)  
Aðrar umsóknir um dagskóla (með beiðni um mat)  
Grunnskólanemar \*\*

Áætluð innritun í fjarnám  
Áætluð innritun í kvöldskóla

### C

Áætlað að taka af þeim sem skrá sig rafrænt í Innu

\* Með ársnemendum er átt við áætlaða nemendur til uppgjörs þannig að tekið hefur verið tillit til hægferða (hægferðaeiningar \* 1,5), brottfalls (reynslutalna) og skerðingar kvöldskólanema sem greiða þriðjung kennslukostnaðar sjálfir (einingar þeirra \* 0,67)

\*\* Nemendur skráðir í grunnskóla en sækja einstaka áfanga skv. aðalnámskrá framhaldsskóla sem þeir síðan fá metna inn í framhaldsskólann.

| Staða umsókna 20. júní |            |
|------------------------|------------|
| Höfðatala              | Ársnemar * |
| 692                    | 585        |

| Áætlað að taka inn |          |
|--------------------|----------|
| Höfðatala          | Ársnemar |
| 692                | 585      |
|                    |          |

|     |    |
|-----|----|
| 15  | 12 |
| 22  | 19 |
| 135 | 22 |

|     |    |
|-----|----|
| 15  | 12 |
| 20  | 17 |
| 135 | 22 |
| 8   | 2  |
| 160 | 40 |

|     |     |
|-----|-----|
| 225 | 191 |
|-----|-----|

869

Suðurnesjum 20. júní 2005

**Kæri nemandi**

Umsókn þín um skólavist í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á vorönn 2005 hefur verið samþykkt.

Með bréfi þessu fylgir gíróseðill þar sem tilgreind er upphæð skólagjalda, þ.e. innritunargjald og pappírsgjald, ásamt skólasjóðsgjaldi og nemendafélagsgjaldi.

**Gjalddagi og eindagi er 15. júlí 2005.**

**Ef greiðsla skólagjalda hefur ekki borist þann 15. júlí verður litið svo á að þú ætlir ekki að stunda nám við skólann að sinni.**

Nemendum verknámsbrauta er sendur sérstakur greiðsluseðill vegna efnisgjalda.

Einnig verða sendir gíróseðlar vegna endurinnritunargjalda til þeirra nemenda sem féllu í áföngum á síðustu önn, eða sögðu sig úr áfanga eftir auglýstan lokafrest, 500 kr. fyrir hverja einingu.

Nemendur í Garði, Sandgerði, Grindavík og Vogum geta keypt farkort vegna skólaaksturs á skrifstofu skólans í upphafi annar. Farkort kosta 6.000 kr. fyrir önnina. Upplýsingar um styrk frá LÍN vegna skólaaksturs eru veittar á skrifstofunni.

Afhending stundataflna og myndataka fer fram þriðjudaginn 23. ágúst kl. 10:00 – 15:00. **Framvísa ber greiðslukvittun eða útprentun úr heimabanka við afhendingu stundaskrár. Nýnemar mæti á sal skólans þann 23. ágúst kl. 9:00.**

Nemendur mæta til skólaasetningar á sal skólans kl. 8:00 miðvikudaginn 24. ágúst, en kennsla hefst að athöfn lokinni samkvæmt sérstakri stundatöflu.

Athygli er vakin á heimasíðu skólans [www.fss.is](http://www.fss.is) en þar má finna upplýsingar um skólastarfið og skólareglur. Með bréfi þessu fylgja nýjar mætingareglur skólans. Vinsamlegast kynntu þér þær vel.

Það er von mín að námið við skólann verði þér bæði ánægjulegt og gagnlegt.

Með ósk um gott samstarf á nýrri önn,

Oddný Harðardóttir, skólameistari

Suðurnesjum 14. júní 2005

Nafn  
Forráðamaður

Ágæti nemandi FS

Þar sem bæði mætingar og námsárangur þinn á síðustu önn var undir viðmiðunarmörkum getum við ekki tekið þig aftur inn í skólann nema að þú fallist á eftirfarandi skilyrði:

1. Þú pantar þér tíma hjá námsráðgjafa í byrjun ágúst og ekki síðar en 12. ágúst 2005. Námsráðgjafi aðstoðar þig við námsáætlanagerð og gengur frá samningi milli þín og skólans um nám og mætingar.
2. Þú ræðir við námsráðgjafa a.m.k. einu sinni í mánuði yfir önnina og ferð eftir þeim ráðum sem hann veitir þér.
3. Gerir þér grein fyrir að ef óútskýrðar fjarvistir í einstökum áföngum fara niður fyrir 90% viðmiðunarmörk (6 kennslustundir í þriggja eininga áfanga) verður þér umsvifalaust vikið úr skóla.

Næstu daga berst þér gíróseðill með upplýsingum um upphaf haustannar 2005. Ef þú greiðir þann gíróseðil mun ég líta svo á að þú hafir fallist á ofantalin skilyrði.

Með bestu kveðjum og von um að mætingar og námsárangur þinn verði til sóma í framtíðinni,

Oddný Harðardóttir  
skólameistari

## **Auglýst er eftir eftirfarandi verkefnastjórum fyrir skólaárið 2005-2006**

### **Umsjón með öldungadeild**

**Gert er ráð fyrir samvinnu tveggja umsjónarmanna.**

**Í starfinu felst meðal annars:**

- \* Vinna með stjórnendum og öldungaráði að stundatöflu öldungadeildar
- \* Innritun nemenda ásamt öldungaráði
- \* Vinna úr umsóknnum nemenda og innsláttur upplýsinga í INNU
- \* Að vera til viðtals fyrir nemendur öldungadeildarinnar einu sinni í viku
- \* Taka saman upplýsingar um hverja önn s.s.:
  - Kennara deildarinnar
  - Kennda áfanga
  - Fjölda í námshópum
  - Skiptingu nemenda eftir aldri, kyni og sveitarfélögum
- \* Sjá um að auglýsingar ætlaðar nemendum öldungadeildar séu til staðar á auglýsingatöflu öldungadeildar
- \* Sitja fundi með öldungaráði
- \* Vinna með stjórnendum og öldungaráði að kynningu öldungadeildinni og námsframboði
- \* Afhendir námsferla á prófsýni og tekur við athugasemdum varðandi námsferla

**Laun: 1 launaflokkur og 65 klst. á önn. Gera má ráð fyrir að allt að hluti vinnutímans liggi utan skólaársins.**

---

### **Verkefnastjórn um málefni nýbúa**

**Í starfinu felst meðal annars:**

- \* Umsjón með nýbúum skólans
- \* Vinna að stefnumörkun um málefni nýbúa í samráði við námsráðgjafa og stjórnendur
- \* Vinna að því að auðvelda nýbúum að aðlagast skólasamfélaginu
- \* Hafa samband við foreldra/forráðamenn þeirra, veita þeim upplýsingar og vinna með þeim við að aðstoða börn sín
- \* Sækja fundi og námskeið sem tengjast málefnum nýbúa
- \* Fær í samráði við stjórnendur nemendur sér til aðstoðar ef þurfa þykir

**Laun: 60 klst. á skólaári (30 klst. á önn). Gera má ráð fyrir að allt að 6 klst. liggi utan skólaársins.**

**Umsóknarfrestur er til 23. maí 2005. Umsóknnum skal skila til skólameistara eða aðstoðarskólameistara**

**Ráðningartími: Skólaárið 2005-2006**

## **Auglýst er eftir eftirfarandi verkefnastjórum fyrir skólaárið 2005-2006**

### **Forvarnarfulltrúi**

**Forvarnarfulltrúi sér til þess að forvarnarstefnu skólans sé framfylgt. Í því felst m.a. að forvarnarfulltrúi:**

- \* Vinnur með námsráðgjöfum og stjórnendum að skipulagi forvarnarstarfs
- \* Vinnur með félagslífsfulltrúa og stjórn NFS að því að nemendur tileinki sér vímuefnalausán lífsstíl og virði reglur skólans um að á ferðalögum og á skemmtunum á vegum skólans og NFS er neysla áfengis og annarra vímuefna bönnuð
- \* Er félagslífsfulltrúa og nemendum til aðstoðar varðandi skipulagningu skemmtana
- \* Hefur samráð við félagsmálayfirvöld í sveitarfélögunum á Suðurnesjum um málefni ósjálfráða nemenda er tengjast neyslu vímuefna
- \* Hefur fastan auglýstan viðtalstíma fyrir starfsfólk og nemendur sem vilja tala við hann í trúnaði
- \* Vinnur úr upplýsingum varðandi vímuefnavanda nemenda og kemur málefnum í viðurkenndan farveg
- \* Greiðir götu þeirra nemenda sem vilja leita sér aðstoðar eða meðferðar vegna neyslu áfengis eða annarra vímuefna
- \* Sækir fundi og námskeið sem tengjast forvörnum
- \* Vinnur að því að nemendur skólans taki gagnrýna afstöðu til fíkniefnaneyslu m.a. með því að skipuleggja fyrirlestra eða aðrar uppákomur á sal a.m.k. einu sinni á önn
- \* Skipuleggur í samráði við stjórnendur og NFS forvarnarviku sem lýkur með kvöldskemmtun í skólanum

**Laun: 100 klst. á skólaári (50 klst. á önn) og 1 launaflokkur. Fyrir yfirsetu á uppákomum er greitt sérstaklega. Gera má ráð fyrir að allt að 10 klst. liggi utan skólaársins.**

---

### **Gettu betur**

**Í starfinu felst meðal annars að:**

- \* Velja keppendur og skipuleggja og undirbúa æfingar, sem verða a.m.k. einu sinni í viku alla haustönnina og eftir þörfum á vorönn
- \* Þjálfar nemendur þannig að þeir séu vel undirbúnir fyrir Gettu betur spurningakeppni framhaldsskólanna

**Laun: 100 klst. og ef liðið kemst í sjónvarp verða greiddar 50 klst. fyrir hverja sjónvarpsútsendingu.**

**Umsóknarfrestur er til 23. maí 2005. Umsóknum skal skila til skólameistara eða aðstoðarskólameistara**  
**Ráðningartími: Skólaárið 2005-2006**

## **Auglýst er eftir eftirfarandi verkefnastjórum fyrir skólaárið 2005-2006**

### **Aðstoð við leiklistarhópa**

**Sá sem sinnir aðstoð við leiklistarhópa NFS vinnur meðal annars að eftirfarandi:**

- \* Vinnur í nánun samstarfi við félagslífsfulltrúa
- \* Hittir leiklistarklúbb NFS einu sinni í viku
- \* Skipuleggur starf leiklistarklúbbsins í samráði við meðlimi hans
- \* Aðstoðar við val á verkefnum sem leiklistarhópar sýna
- \* Aðstoðar við val á leikstjóra og gefur NFS og stjórnendum skólans ráð varðandi launagreiðslur til hans

**Laun: 50 klst. á skólaári (25 klst. á önn)**

---

### **Fagstjórar, bóklegar greinar**

Tryggja samráð og samvinnu milli kennara fagsins

Velja kennslubækur í samráði við kennarar fagsins

Kalla saman fundi og stjórna þeim

Vinna tillögur að kennsluskiptingu í samráði við sviðsstjóra

Sjá um faglegt samstarf við aðra skóla

**Fagstjórar á haustönn 2005 verða í eftirfarandi greinum:**

**ÍSL, STÆ, ENS, DAN, SAM, SAG, ÍPR og NÁT123+ENF+EÐL**

**Laun: Launaflokkur og 40 klst. á ári fyrir greinar með 72 kst. eða fleiri á viku.**

**Launaflokkur fyrir greinar með 48 – 71 kst. á viku. Umsjón með raungreinastofu 2 klst. á viku í 36 vikur**

### **Fagstjórar, iðnnám**

Sjá um að tengja skólann atvinnulífi þannig að nemendur fái upplýsingar um nýjungar í faggrein

Sjá um faglegt samstarf við aðra skóla

Sjá um efniskaup og umsjón með verkstæðum

Vinna tillögur að kennsluskiptingu í samráði við sviðsstjóra

Sjá um viðhald á kennslubúnaði og setja fram tillögur með kostnaðaráætlun að endurnýjun

**Laun: Launaflokkur og stofuumsjón**

### **Fagstjóri, sjúkraliðabraut**

Sér um að tengja skólann atvinnulífi þannig að nemendur fái upplýsingar um nýjungar í faggrein.

Sér um faglegt samstarf við aðra skóla.

Sér um efniskaup og umsjón með sérstofu.

Sér um viðhald á kennslubúnaði og setja fram tillögur með kostnaðaráætlun að endurnýjun.

Skipuleggur starfsþjálfun nemenda og eftirlit með starfsnámi á sjúkrastofnunum.

**Laun: 2 launaflokkar og stofuumsjón**

**Umsóknarfrestur er til 23. maí 2005. Umsóknum skal skila til skólameistara eða aðstoðarskólameistara**

**Ráðningartími: Skólaárið 2005-2006**

# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

virðing – samvinna – árangur

## Nýjar mætingareglur FS

1. Nemendum ber að sækja allar kennslustundir samkv. stundaskrá.
2. Ef mæting nær ekki **90%** af heildartímafjölda í tilteknum áfanga er málinu vísað til skólastjórnenda. Þegar mæting er komin niður fyrir **95%** af heildartímafjölda kemur mætingastjóri í samráði við umsjónakennara aðvörun á framfæri við nemandann. Að öðru leyti ber nemandanum sjálfum að fylgjast með stöðu sinni. Brottfall eða brottvikning úr áfanga skal tilkynnt skriflega og skal í því sambandi virða andmælarétt nemandans. Endanleg brottvikning úr áfanga er á ábyrgð skólameistara.

### Viðmið

|                  |                      |                                    |
|------------------|----------------------|------------------------------------|
| GRT1036, ÍSL1026 | Hámark 6 fjarvistir  | Nemandi dettur út við 7. fjarvist  |
| ÍPFI024,         | Hámark 4 fjarvistir  | Nemandi dettur út við 5. fjarvist  |
| ÍPR1B12          | Hámark 2 fjarvistir  | Nemandi dettur út við 3. fjarvist  |
| SAM106C          | Hámark 12 fjarvistir | Nemandi dettur út við 13. fjarvist |

3. Skólasóknareinkunn er gefin í tölum skv. þessu hlutfalli:

| Einkunn | Mætingahlutfall | Einkunn | Mætingahlutfall |
|---------|-----------------|---------|-----------------|
| 10      | 99% - 100%      | 5       | 90% - 91,99%    |
| 9       | 97,5% - 98,99%  | 4       | 88% - 89,99%    |
| 8       | 96% - 97,49%    | 3       | 86% - 87,99%    |
| 7       | 94% - 95,99%    | 2       | 84% - 85,99%    |
| 6       | 92% - 93,99%    | 1       | 0,00 - 83,99%   |

4. a) Geti nemandi ekki sótt skóla vegna veikinda skal tilkynna forföllin samdægurs milli kl: 08:00 og 09:00 í síma 421-3100. Veikindi verða skráð sem **V** í Innu. Ef nemandi er yngri en 18 ára skal forráðamaður tilkynna um veikindin. Fjöldi veikindaleyfa skv. þessari grein skal ekki fara yfir það sem samsvarar einni og hálfri viku, þ.e. 6 V í áfanga sem kenndur er í 4 kest. á viku. Veikist nemandi á miðjum skóladegi skal tilkynna veikindin strax á skrifstofu skólans.

b) Ef veikindin fara fram úr áðurnefndum hámarkum þurfa nemendur alltaf að skila læknisvottorði. Leyfi sem veitt eru skv. læknisvottorðum skulu skráð sem **W** (veikindavottorð) til aðgreiningar frá V. Forsenda þess er að veikindin hafi verið tilkynnt daglega. Á læknisvottorðinu skulu veikindadagarnir tilgreindir og því skilað eigi síðar en á þriðja skóladegi eftir veikindin.

c) Sé um langvarandi veikindi að ræða, eða fjarvistir sökum þraláts sjúkdóms, skal nemandi leggja fram læknisvottorð í **upphafi hverrar annar**. Nemendur með opin vottorð þurfa að hafa samband við námsráðgjafa strax í annarbyrjun og tilkynna síðan veikindi með sama hætti og aðrir. Ef þessir nemendur hafa þörf fyrir meira svigrúm vegna veikinda en felst í almennum reglum um 6V skulu þeir skila inn dagbók í samráði við námsráðgjafa.

d) Ekki skal telja til fjarvista skv. 2. grein þær kennslustundir sem nemendur missa af vegna námsferða eða annarra ferða sem farnar eru með samþykki aðstoðarskólameistara. Þetta gildir einnig um nemendur sem eru í starfsnámi á vegum skólans.

e) Auk veikindaleyfa og leyfa vegna ferða á vegum skólans eru ávallt veitt leyfi vegna dauðsfalla/jarðarfara nánna ættingja og vina. Einnig eru veitt leyfi vegna próftöku af ýmsu tagi t.d. ökuþrófs. Umsóknir um leyfi skal senda til aðstoðarskólameistara.

f) Tilkynningar um leyfi nemenda, skv. ofansögðu, sér starfsfólk á skrifstofu um að skrá í upplýsingakerfi skólans, en kennurum er sjálfum óheimilt að veita leyfi.

5. Skrái nemandi sig í áfanga eftir að kennsla hefst, eða hættir í áfanga eftir að töflubreytingum lýkur, reiknast fjöldi fjarvista miðað við þann tíma sem hann er á skrá í áfanganum.
6. Ef nemandi skráir sig úr áfanga eftir auglýstan lokafrest eða mætir ekki í próf fær hann felleinkunn í áfanganum.
7. Leiði úrsögn eða brottvikning úr áfanga til þess að kennslustundafjöldi nemanda í reglubundnu námi fari niður fyrir 12 kest/viku telst nemandinn fallinn á önninni og á þetta einnig við um nýnema. Skal þá nemandinn hætta í skólanum en getur þó fengið að taka próf (þó ekki í þeim áföngum sem hann hefur sagt sig úr) en þá þarf einkunnina 7 til þess að standast próf í áfanga.
8. Heimilt er að sækja um undanþágu frá ofangreindum reglum til skólastjórnenda. Sætti nemandi sig ekki við afgreiðslu umsóknar um undanþágu, getur hann vísað máli sínu til skólaráðs.

**Samanburður rauntalna og fjárheimilda á tímabil**

Stofnun : '02353' , Ár : '2005'

Stofnun: 02353 - Fjölbraitaskóli Suðurnesja | Fjárlagaviðfang: &lt;All&gt;

|       | Rauntölur - mån.   | Fjárheimild - mån. | Rauntölur - ár | Fjárheimild - ár | Frávik      | %      |
|-------|--------------------|--------------------|----------------|------------------|-------------|--------|
| Tb    |                    |                    |                |                  |             |        |
| 00-05 | 0                  | 0                  | 0              | 0                | 0           | 0,00   |
| 01-05 | 26.465.393         | 32.450.400         | 26.465.393     | 32.450.400       | 5.985.007   | 18,44  |
| 02-05 | 44.353.435         | 40.138.400         | 70.818.828     | 72.588.800       | 1.769.972   | 2,44   |
| 03-05 | 40.096.880         | 41.585.800         | 110.915.708    | 114.174.600      | 3.258.892   | 2,85   |
| 04-05 | 50.800.481         | 39.842.400         | 161.716.189    | 154.017.000      | -7.699.189  | -5,00  |
| 05-05 | 41.499.702         | 40.993.800         | 203.215.891    | 195.010.800      | -8.205.091  | -4,21  |
| 06-05 | 22.234.394         | 34.858.000         | 225.450.285    | 229.868.800      | 4.418.515   | 1,92   |
| 07-05 | 0                  | 28.619.400         | 0              | 258.488.200      | 258.488.200 | 100,00 |
| 08-05 | 0                  | 25.208.200         | 0              | 283.696.400      | 283.696.400 | 100,00 |
| 09-05 | 0                  | 39.749.600         | 0              | 323.446.000      | 323.446.000 | 100,00 |
| 10-05 | 0                  | 39.694.400         | 0              | 363.140.400      | 363.140.400 | 100,00 |
| 11-05 | 0                  | 43.121.000         | 0              | 406.261.400      | 406.261.400 | 100,00 |
| 12-05 | 0                  | 44.638.600         | 0              | 450.900.000      | 450.900.000 | 100,00 |
| 13-05 | 0                  | 0                  | 0              | 450.900.000      | 450.900.000 | 100,00 |
|       | <b>225.450.285</b> | <b>450.900.000</b> |                |                  |             |        |